

Mánudaginn 12. marz 1951.

Nr. 41/1950. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Landsbanka Íslands og
Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

A fær ávísun frá B á andvirði fisks, er C hafði til sölumeðferðar. C greiðir D andvirðið. A talinn eiga rétt til þess.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. apríl 1950, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 29.835.63 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1948 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi seldi h/f Engey salt til afnota við fiskveiðar 1946. Dráttur varð á greiðslu saltsins. Hinn 16. apríl 1947 afhenti h/f Engey áfrýjanda, í því skyni að standa skil á andvirði saltsins, ávísun, að fjárhæð kr. 29.835.63, á hendur stefnda Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, og skyldi ávísunin greidd af „verðuppbót“, þ. e. andvirði fisks, sem Sölusambandið hafði haft til sölu fyrir h/f Engey. Er það óvæfengt, að hér er átt við fisk, er seldur var 1946. Áfrýjandi sendi ávísun þessa þegar til Sölusambandsins og beiddist þess, að hún yrði greidd, en greiðsla fékkst ekki. Sölusambandið kveðst hafa lofað að greiða ávísunina, „svo framarlega sem ekki hvíldu veðskuldir á fiskinum hjá Landsbanka Íslands eða bankinn gerði að öðru leyti kröfu til peninganna“. Áfrýjandi vildi ekki setta sig við þessi málalok og sneri sér því til Landsbanka Íslands og leitaði viðurkenningar hans á rétti sínum

til að fá ávísunina greidda af fiskandvirði Engeyjar h/f hjá hinu stefnda Sölusambandi, en ráðamenn bankans vildu ekki veita slíka viðurkenningu. Við þetta sat, unz Sölusambandið hinn 9. febrúar 1948 greiddi Landsbanka Íslands hina sonefndu „verðuppbót“ á fisk h/f Engeyjar frá 1946. Nam greiðsla þessi kr. 128.160.67. Afhenti Sölusambandið Landsbankanum um leið ávísun þá, sem að framan greinir, en hún hafði legið í vörzlum Sölusambandsins. Því hefur verið lýst af hendi Landsbanka Íslands, að ekkert veð til bankans hafi þá hvílt á fiskandvirði þessu. Bankinn notaði féð til greiðslu skulda h/f Engeyjar við bankann, er stofnaðar voru vegna fiskveiða 1947.

Fyrirsvarsmönnum Landsbanka Íslands var, svo sem sagt var, kunnugt um, að ráðamenn h/f Engeyjar höfðu hinn 16. apríl 1947 afhent áfrýjanda ávísun á kr. 29.835.63 af fiskandvirði því, sem bankinn heimti til sín hinn 9. febrúar 1948. Ávísun h/f Engeyjar var samkvæmt aðdraganda sínum og öðrum atvikum málsins ráðstöfun á fiskandvirði hlutafélagsins hjá Sölusambandinu, og var Sölusambandið bundið við þá ráðstöfun, svo fremi aðrir kröfuhafar færðu ekki sönnur á betri rétt til fiskandvirðisins. Landsbanki Íslands hafði ekki hinn 9. febrúar 1948 veð eða, svo séð verði, annan forrétt til fiskandvirðis þessa. Þykir því verða að dæma Landsbanka Íslands til að greiða áfrýjanda fjárhæð ávísunarinnar, kr. 29.835.63, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1948 til greiðsludags.

Forráðamönnum Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda var ljóst, er þeir greiddu Landsbanka Íslands fyrrnefndar kr. 128.160.67, að h/f Engey hafði ráðstafað kr. 29.835.63 af þeim til áfrýjanda. Forráðamenn þessa brast því heimild til að greiða þessar kr. 29.835.63 til Landsbanka Íslands, enda höfðu ráðamenn bankans ekki fært sönnur á forrétt hans til hinnar ráðstöfuðu fjárhæðar. Er Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda því samábyrgt Landsbanka Íslands um greiðslu á fjárhæð ávísunarinnar til áfrýjanda ásamt vöxtum, eins og að framan segir.

Úrslit verða því þau, að báðir hinir stefndu skulu dæmdir til þess in solidum að greiða áfrýjanda kr. 29.835.63 ásamt

6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5500.00.

Dómsorð:

Stefndu, Landsbanki Íslands og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, greiði in solidum áfrýjanda, Landsambandi íslenskra útvegsmanna, kr. 29.835.63 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 5500.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Að því er varðar kröfu Landssambands íslenskra útvegsmanna á hendur Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, þá tel ég svo mikil vafaatriði vera í því máli, að rétt sé, að málskostnaður þeirra í milli falli niður fyrir báðum dómum. Að öðru leyti get ég fallizt á dómsatkvæðið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. okt. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Stefán framkvæmdastjóri Wathne höfðað fyrir hönd Landssambands íslenskra útvegsmanna með stefnu, útgefinni 27. september f. á., gegn Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Landsbanka Íslands til solidarískrar greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 29.835.63 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarsins.

Stefndu hafa, hvor um sig, krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Málavextir eru þessir: Stefndi Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sá um sölu á saltfiski fyrir Fiskveiðahlutafélagið Engey hér í bænum á árinu 1946. Landsbanki Íslands átti veð í fiski þessum fyrir ákveðinni fjárhæð. Hinn 16. apríl 1947 gaf Fiskveiðahlutafélagið Engey stefnanda ávísun á hendur stefnda Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda fyrir kr. 29.835.63 af væntanlegri „verðuppbót“ á saltfiskssölu Sölusambandsins fyrir stefnanda. „Verðuppbót“ þessi, sem svo er nefnd í skjölum málsins, var raunverulega hluti af andvirði fisks þess, er Sölusambandið annaðist sölu á fyrir stefnanda, en svo virðist sem Fiskveiðahlutafélaginu Engey hafi, áður en fiskurinn var seldur, verið greiddur hluti af væntanlegu andvirði hans, en afgangurinn, „uppbótin“, átti að greiðast, er hægt var að gera endanleg reikningsskil varðandi söluna. Ávísunin tilgreinir ekki nánar, við hvaða saltfisksölu átt er með henni, en ágreiningslaust er, að þar sé um að ræða sölu saltfisks á árinu 1946. Ávísuninni framvísaði stefnandi

hjá Sölusambandinu sama dag, sem hún var gefin út. Telur stefnandi, að fyrirsvarsmaður Sölusambandsins hafi þá gefið munnlegt loforð um að greiða ávísunina, er „verðuppbótin“ kæmi til greiðslu, svo framarlega sem ekki hvíldu veðskuldir á fiskinum eða Landsbankinn gerði ekki að öðru leyti *lögmeta* kröfu til ávísunarfjárhæðarinnar. Fyrirsvarsmaður Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi því aðeins lofað að greiða ávísunina, að ekki hvíldu veðskuldir á fiskinum hjá Landsbankanum eða bankinn gerði ekki að öðru leyti kröfu til peninganna, þ. e. „verðuppbótarinnar“. Er stefnandi fékk eigi skilyrðislaust samþykki stefnda Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda um greiðslu ávísunarinnar, sneri fyrirsvarsmaður hans sér til stefnda Landsbanka Íslands og óskaði að fá viðurkenningu bankans á því, að hann gerði eigi kröfu til „verðuppbótarinnar“, en þeirri málaleitan var synjað. Er „verðuppbótin“ kom til greiðslu hjá Landssambandinu, gerði Landsbankinn kröfu til, að hún yrði öll greidd honum, en fjárhæð hennar mun hafa numið kr. 128.160.67. Greiddi Landssambandið fjárhæð þessa alla til Landsbankans hinn 9. febrúar 1948 og afhenti bankanum jafnframt ávísun stefnanda. Áður en þetta gerðist, hafði Landsbankinn fengið greiddar að fullu veðskuldir þær, sem hvíldu á saltfiski Fiskveiðahlutafélagsins Engseyjar frá 1946. Hins vegar skuldaði þá félagið Landsbankanum vegna viðskipta á árinu 1947, en eigi er ljóst, hvort þær skuldir voru fallnar í gjalddaga. Er Landsbankinn hafði veitt áðurgreindri fjárhæð viðtöku, sendi hann um það skilagrein til Fiskveiðahlutafélagsins Engseyjar, en engin krafa mun hafa borizt frá félaginu um riftun greiðslunnar til bankans. Nokkru eftir að framangreind ráðstöfun var gerð, sneri stefnandi sér til Landsbankans og krafðist greiðslu á ávísunarfjárhæðinni, dómkröfu máls þessa, og sömu kröfur gerði hann á hendur Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, en hvorugt þessara fyrirtækja hefur talið sér skylt að verða við kröfum hans. Ekkert liggur fyrir í málinu um viðskipti stefnanda og Fiskveiðahlutafélagsins Engseyjar, eftir að Landssambandið greiddi „verðuppbótina“ af hendi, en félagið mun nú vera gjaldþrota.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi Landsbanki Íslands hafi ekki átt lögmeta kröfu til fjár þess, er stefnda Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda greiddi honum hinn 9. febrúar 1948. Fyrirsvarsmönnum beggja hinna stefndu hafi verið þetta ljóst, er greiðslan var innt af hendi, og jafnframt hafi þeir vitað, að eigandi fjárlins, Fiskveiðahlutafélagið Engey, hafði á lögformlegan hátt ráðstafað þeim hluta þess, sem dómkröfu stefnanda nemur, til hans með ávísun þeirri, er áður getur. Með því að ráðstafa fénu á þann hátt, sem gert var, þrátt fyrir þessa vitneskju, telur stefnandi, að stefndu hafi verið þess valdir, að hann fékk eigi greiðslu þá, er honum bar, og sé þeim skylt að bæta honum það tjón, er hann hefur af því beðið.

Stefndi Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda byggir sýknukröfu sína á því, að það hafi ekki samþykkt að greiða ávísun stefnda, nema því aðeins, að engin krafa kæmi frá Landsbanka Íslands um, að honum yrði greitt fé það, er ávisað var, enda sé það venja Sölusambandsins að gera

þann fyrirvara um ávísanir, er því berast, að þær verði því aðeins greiddar, að bankarnir gerðu eigi kröfu til hins ávísaða fjár. Þar eð slík krafa kom frá Landsbankanum til greiðslu þeirrar, er stefnanda hafði verið ávísað, telur Sölusambandið, að ráðstöfun þess á fénu hafi verið réttmæt og heimil gagnvart stefnanda.

Stefndi Landsbanki Íslands byggir sýknukröfu sína á því, að honum hafi verið réttmætt að gera kröfu til hins umdeilda fjár og að veita því viðtöku sem greiðslu á skuldum eiganda þess við bankann, enda hafi fé þetta verið hluti af andvirði fisks, sem bankanum var veðsettur, og eiganda þess hafi þar af leiðandi verið óheimilt að ráðstafa því án samþykkis bankans.

Ósannað er, að stefndi Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda hafi lofað stefnanda greiðslu margnefndrar ávísunar, nema að fullnægðu því skilyrði, að stefndi Landsbanki Íslands gerði engar kröfur til hins ávísaða fjár. Þar eð Landsbankinn gerði kröfu til fjárins, varð Sölusambandið því óbundið af þessu loforði. Stefndi Landsbanki Íslands hefur engar skuldbindingar tekið á sig gagnvart stefnanda varðandi greiðslu ávísunarinnar. Þegar þessa er gætt, verður eigi talið, að stefndu hafi með ráðstöfun sinni á hinu ávísaða fé bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda, enda er því eigi mótmælt, að ráðstöfun þessi hafi hlotið samþykki eiganda fjárins. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt um venju fram vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Landsbanki Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.